Norðurlandaráð

A 1673/holdbart

Flutningur:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærninefndin

Málsnúmer 16-00055-2

# Þingmannatillaga
# um framfylgd við alþjóðleg loftslagsmarkmið

## Tillaga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna ráðherranefndin flytji héðan í frá árlega stöðuskýrslu, í tengslum við þing Norðurlandaráðs, þar sem greint verði frá hvernig löndunum gengur að framfylgja loftslagsmarkmiðum SÞ eða ESB og jafnframt árangri af aðgerðum landanna.

## Forsaga

Norðurlöndin hafa löngum verið í fararbroddi í heiminum á sviði umhverfisvænnar þróunar. Með gífurlegum fjárfestingum í sjálfbærri orku og grænni tækni hafa norrænu ríkin gengið í brjósti fylkingar og verið fyrirmyndir annarra þjóða heims.

Norðurlandaráð vill að Norðurlönd haldi áfram á sömu metnaðarfullu braut en til að svo megi verða er nauðsynlegt að geta fylgst með þeim framförum sem verða í löndunum á þessu sviði, og hvernig löndin megna að standa við alþjóðlega samninga og markmið í loftslagsmálum, einkum innan vébanda Evrópusambandsins og Rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC)[1], en sá síðarnefndi hefur gefið tilefni til fjölda mikilvægra leiðtogafunda um loftslagsmál (COP) á undanförnum tuttugu árum.

Nýjasti áfanginn er Parísarsamkomulagið sem náðist á COP21[2]-leiðtogafundinum um loftslagsmál í París í desember 2015, þar sem 196 aðildarríki komu sér saman um metnaðarfullan og raunhæfan hnattrænan samning um aðgerðir í loftslagsmálum. Markmið samningsins er að tryggja að hlýnun í heiminum verði innan við 2°C og styðja við aðgerðir sem reyna

[1] United Nations Framework Convention Climate Change, samþ. 9. maí 1992.

[2] FCCC/cp/2015/L.9/Rev.1: Paris Agreement, adopted at the Conference of the Parties, twenty-first session, twelfth day of December two thousand and fifteen

að halda henni innan við 1,5°C. Samningurinn gengur formlega í gildi árið 2020 en í samningaviðræðunum var einnig ákveðið að löndin skyldu ekki fresta því að móta stefnu í loftslagsmálum og setja sér ný markmið í samræmi við metnaðarfull markmið samkomulagsins um að koma í veg fyrir of mikla hlýnun, en hún hefði í för með sér víðtækar og alvarlegar afleiðingar fyrir jarðarbúa.
Öll aðildarríki Parísarsamkomulagsins hafa skilgreint með svonefndum landsmarkmiðum hvað þau hyggjast gera til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eftir árið 2020 (INDC).

Finnland, Danmörk og Svíþjóð teljast með í heildarframlagi ESB, sem felst í skuldbindingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% fyrir árið 2030, miðað við árið 1990. Markmiðið er sett í beinum tengslum við loftslagsmarkmið ESB um 20% minnkun losunar á gróðurhúsalofttegundum til ársins 2020, miðað við árið 1990 og aukið hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa í orkunotkun árið 2020, eða 20%. ESB-löndin vilja ná 40%-markmiðinu fyrir 2030 með virkri stefnu varðandi orku, samgöngur, iðnað, landbúnað, skógrækt, úrgang og aðra mikilvæga málaflokka.

Ísland og Noregur hafa lýst yfir vilja til þess að taka þátt í sameiginlegum evrópskum samdrætti sem nemur 40% árið 2030 miðað við árið 1990, en Ísland hefur jafnframt sagt að ekki sé búið að ákveða hlut Íslands nákvæmlega, ef áform um að taka þátt í sameiginlegu evrópsku samkomulagi um framkvæmd ganga eftir.

Þrátt fyrir að Parísarsamkomulagið gangi ekki formlega í gildi fyrr en árið 2020 er þess vænst að aðildarríkin grípi nú þegar til aðgerða eða hefji undirbúning á viðeigandi aðgerðum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, en þannig megi nýta dýrmætan tíma til að framfylgja hinum metnaðarfullu markmiðum og hefja viðeigandi pólitískar aðgerðir, og jafnframt (fyrir Danmörku, Finnland og Svíþjóð) að ná markmiðum Evrópusambandsins í loftslagsmálum fyrir árið 2020. Þess vegna er ástæða til að nú þegar, án tillits til tímaramma Parísarsamkomulagsins, verði farið að fylgjast með hvernig löndunum gengur að framfylgja loftslagsmarkmiðunum.

Tillögu þessari er ætlað að veita norrænu ríkisstjórnunum aðhald, bæði hvað varðar að framfylgja hinum alþjóðlegu loftslagsmarkmiðum og eins landsmarkmiðunum, þar á meðal innleiðingu viðeigandi aðgerða. Auk þess mun tillaga um árlega stöðuskýrslu varpa ljósi á hvort þörf sé á frekari aðgerðum í löndunum og/eða sameiginlegum norrænum aðgerðum í loftslagsmálum, og sameiginlegri stefnu Norðurlandanna á vettvangi ESB og SÞ.

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði telur því skipta sköpum að Norðurlandaráð fái árlega skýrslu um framfylgd við hin alþjóðlegu loftslagsmarkmið í löndunum og um árangur aðgerðanna. Við sjáum fyrir okkur að fyrsta stöðuskýrslan, auk greinargerðar um núverandi grundvöll fyrir minnkun og framfylgd við loftslagsmarkmiðin, taki einnig til aðgerða landanna fram til þessa, þannig að athyglin beinist einnig að þeim framförum sem verða jöfnum höndum.

Helsinki, 25. janúar 2016

Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Gunvor Eldegard (A)
Henrik Dam Kristensen (S)
Ineqi Kielsen (S)
Irene Johansen (A)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)
Karin Gaardsted (S)
Knut Storberget (A)
Lars Mejern Larsson (S)
Lennart Axelsson (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Pernille Schnoor (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Suzanne Svensson (S)
Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

A 1673/holdbart

Flutningur:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla:
Norræna sjálfbærninefndin

Málsnúmer 16-00055-2